

## Stærðfræði 1. bekkur 2019-2020

**Kennari: Íris Dögg Jónsdóttir**

**6 kennslustundir á viku**

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í stærðfræði sett fram í sjö flokkum: Að geta spurt og svarað með stærðfræði; Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar; Tölur og reikningur; Algebra; Rúmfræði og mælingar; Tölfræði og líkindi. Á blaðsíðum 211-217 í 25. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um stærðfræði, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

### Kennsluhættir

Eins og kemur fram hér að ofan eru hæfniviðmið fyrir stærðfræði sett fram í sjö flokkum. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem eina heild. Þar af leiðandi eru kennsluhættirnar ekki flokkaðir sérstaklega eftir viðmiðunum.

Stærðfræðinámið felst í innlögn kennara á töflu, innlögn kennara í litlum hópum, hópavinnu, paravinnu, einstaklingsvinnu, greiningum, samræðum og athugunum á ýmsum hlutum og formum í umhverfi nemendanna. Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð og skilning barnanna.

### Námsgögn

Kennslubækurnar: *Kátt er í Kynjadal, Sproti 1b og 2a* nemendabækur og æfingahefti, ýmis ljósrituð verkefni og spil tengd námsefninu. Stuðst við ýmsar aukabækur sem hæfa aldri og getu nemenda. Hjálpargögn eru m.a. Numicon, kubbar, kennslupeningar, teningar, smáhlutasafn, spilastokkar, vogir, málbönd, klukkur og hlekkir.

### Námsmat

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima.

Við annarskil er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.